

Fjórflokkurinn eilífi - sællar minningar

Kosningar verða haldnar innan skamms. Því gæti verið viturllegt að skoða sögu stjórnmalaflokkanna til að glöggva sig á stjórnmalum samtímans. Sum umfjöllunarefnanna virðast „eilíf.“ Það liggur rauður þráður um söguna. Nú ganga „dauðir“ flokkar meira að segja í endurnýjun lífdaganna. Lítum um öxl:

Íhaldsflokkurinn var stofnaður 1924. Fyrsti formaður hans, Jón Þorláksson (1877-1935), segir: „Ef ég ætti að nefna eina leiðandi hugsun ... þá hef ég fundið hana í þeim einföldustu og einna göfugustu trúarbrögðum, sem ég veit til, að upp hafi verið meðal manna ... sem kennd eru við Zóroaster eða Zarathustra hinn persneska. ... Allt það, sem miðar að því að auka gleðina og sæluna og velgengnina í heiminum, styrkir ríki hins góða, og eru það þess vegna góðverk, en allt það, sem miðar að því að auka örbirgð, sorgir og syndir, eflir vald þess vonda. ... Hér er nóg ... af fátæklingum til að veita atvinnu, björg og blessun. Sá, sem vinnur [að þessu] ... vinnur ljóssins drottni þægt verk; en hver, sem hindrar slíkt [...] þjónar þeim vonda.“ ...

„... að hagsmunum sérhvarrar stéttar er þá best borgið í bráð og lengd, ef hvert mál er útkljáð með heill alþjóðar eingöngu fyrir augum. ... Í þeim flokki [Íhaldsflokki] taka allar stéttir landsins höndum saman til að vinna að heill alþjóðar, vel vitandi, að með því móti er og best borgið hagsmunum hvarrar stéttarinnar sér í lagi.“ (Úr ævisögu hans eftir Hannes Hólmstein Gissurarson.)

Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður tveim árum seinna, þ.e. 1926. Stofnendur hans voru óánægðir þingmenn gamla Sjálfstæðisflokksins, þ.e. forvera þess, sem við þekkjum, og barðist fyrir sambandslitum Dana og Íslendinga.

Geir Hallgrímsson (1915-1990) segir um flokkinn: „Frjálslyndi flokkurinn hafði tekið eflingu almannatrygginga upp í stefnuskrá sína. En það sem fyrst og fremst skildi Frjálslynda flokkinn frá öðrum flokkum var sú mikla áherzla, sem flokkurinn lagði á sjálfstæði þjóðarinnar, þjóðernis- og þjóðrækniskennnd og jafnvel varúð gagnvart öðrum þjóðum.“

Okkar tíma Sjálfstæðisflokkur komst á koppinn árið 1929, þegar Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn runnu saman. Við það tilefni sagði Jón Þorláksson: „Flokkurinn [hinn nýi Sjálfstæðisflokkur] vill vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum. En í þessu felst einmitt, að flokkurinn vill virða og efla sjálfstæði einstaklinganna innan þjóðfélagsins, bæði manna, stofnana og félaga. Á framtaki einstaklinganna og frelsi þeirra til þess að beita kröftum sínum innan leyfilegra takmarka sér og sínum til hagsbóta byggir þessi stefna fyrst og fremst vonirnar um framhaldandi umbætur á lífskjörum þjóðarinnar.“

Ásgeir Hannes Eiríksson (1947-2015), segir um samrunann: “Íhaldsflokkurinn kom bersýnilega með fylgið í Sjálfstæðisflokkinn en Frjálslyndi flokkurinn hefur samkvæmt þessu lagt til stefnuskrána. Enda hefur íhaldsarmi Sjallans jafnan liðið illa undir þessu frjálslyndi eins og húsdraug undir góðu orði.” („Ein með öllu“.)

Á tímabilinu 1916 til 1942 mótaðist fjórflokkurinn svokallaði, þ.e. Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag (forverar þess, Kommúnista- og Sósíalistaflokkur - Samfylkingin er arftaki þess og Alþýðuflokks) og Framsóknarflokkur. Sjálfstæðismálið var mál málanna, stjórnmalin voru

sjálfstæðisstjórnsmál. En þegar það var í höfn með sambandslagasamningnum 1918 fóru menn að beina sjónum að stéttum.

Næstu áratugi og fram undir síðustu aldamót má jafnvel tala um stéttastjórnsmál og að sumu leyti kynjastjórnsmál. Stjórnarskrárbreytingin árið 1915 skipti verulegu máli fyrir slíka þróun. Nú gátu allir fullveðja einstaklingar kosið, þ.e. kosningaréttur var orðinn almennur og upp var tekið landskjör í stað konungskjörs. Nú var það sem sé þjóðin sem kaus fulltrúa í efri deild Alþingis, en ekki konungur. Aukinheldur voru kynntar margs konar nýjar hugmyndir af erlendum toga um stjórnsmál, stefnur og flokka.

“Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru stofnaðir árið 1916, Sjálfstæðisflokkurinn 1929, Kommúnistaflokkurinn árið 1930 og Sósíalistaflokkurinn árið 1938. Í kosningunum 1942 hlutu flokkarnir fjórir kjörfylgi sem breyttist lítið næstu þrjú áratugin. Sjálfstæðisflokkurinn var stærstur (37-42% atkvæða), Framsóknarflokkurinn næststærstur (22-28%), Sósíalistaflokkurinn þriðji (15-19%) og Alþýðuflokkurinn rak yfirleitt lestina (13-18%). Aðrir flokkar hlutu lítið fylgi og það gerðist aðeins einu sinni á tímabilinu 1942-1971 að einhver annar stjórnsmálaflokkur ynni þingsæti. Það var árið 1953 en þá fékk Þjóðvarnarflokkurinn tvö þingsæti.“ (Svanur Kristjánsson)

Einar Baldvin Olgeirsson (1902-1993), sagði um Sósíalistaflokkinn, að hann væri: „...sósíalistiskur lýðræðisflokkur... [sem vildi koma á] frjálsu, stéttlausu samfélagi allra vinnandi manna í landinu, hvort sem þeir vinna erfiðisvinnu eða andleg störf; þjóðfélagi, sem stjórnað sé af þeim sjálfum og þar til kjörnum fulltrúum þeirra með fullkomnu lýðræði í stjórnsmálum og atvinnumálum. ...

Það hefur verið og er stefna Sósíalistaflokksins jafnhliða kaupgjaldsbaráttunni að berjast fyrir hvers konar alþýðutryggingum, styttingu vinnutíma og orlofi, öryggi á vinnustöðum og tryggingu ungra sem gamalla gegn vinnubrælkun, og róttækri löggjöf í húsnæðismálum. ...

„Á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, 1944-47, sem Sósíalistaflokkurinn og Alþýðuflokkurinn tóku þátt í, með meirihluta Sjálfstæðisflokksins, voru alþýðutryggingar stórbættar og gerbreyttar frá því sem verið hafði. ... Sett var þá róttækasta húsnæðismálalöggjöf, sem sett hefur verið um aðstoð við íbúðabyggingar, ...

Það þarf að fullkomna sjúkratryggingar, svo öll lækniþjónusta verði ókeypis, og þjóðnýta lyfsölu, því slíkt á ekki að vera gróðavegur. Það þarf að tryggja öllum vinnandi mönnum og konum orlof ... koma á félagslegri húsnæðismálalöggjöf ... tryggja 8 tíma vinnudag ... tryggja eftirlaun handa öllum .. fullkomna yfirleitt alþýðutryggingar... „Annað höfuðverkefni Sósíalistaflokksins ...er sjálfstæðisbaráttan.“

Um Framsóknarflokkinn segir Eysteinn Jónsson (1906-1993): „Framsóknarstefnan er sprottin af rammíslenzkri rót, og þau tengsl verða ekki rofin. En Framsóknarflokkurinn hefur reynt að sameina það bezta, sem við þekkjum hjá öðrum þjóðum, íslenskum staðháttum, ...

Framsóknarflokkurinn vill byggja upp á Íslandi sannkallað frjálst lýðræðis- og menningarþjóðfélag efnalega sjálfstæðra manna, sem leysa sameignleg verkefni eftir leiðum samtaka, samvinnu og félagshyggju. Þjóðfélag, þar sem manngildið er metið meira en auðgildið, og vinnan, þekkingin og framtakið er sett ofar og látið veга meira en auðdýrkun og fésýsla.

Framsóknarflokkurinn er upphaflega stofnaður til stuðnings og fulltingis sjálfsbjargarviðleitni almennings, og samtökum fólksins sér til styrkar í baráttunni fyrir frelsi og betra og fegurra lífi.

Flokkurinn er því flokkur félagshyggju, samtaka og samvinnu ... Flokkurinn hefur hvorki byggt stefnu sína á kapítalisma né kommúnisma, né heldur sósíalisma...“

Alþýðuflokknum var rituð stefnuskrá árið 1915. Hún er talin samin af Ólafi Friðrikssyni (1886-1964) og Jónasi Jónssyni (1885-1968) frá Hriflu (sem síðar varð foringi Framsóknarmanna). Lögð er áhersla á jöfnuð og baráttuna fyrir því, „,að sú skifting á landslýðnum í ríka og öreiga, sem er í flestum mentalöndum, verði á Íslandi.“

Flokkurinn stefndi, segir Emil Jónsson (1902-1986), að „ríki jafnaðarstefnunnar,“ en það er: „1) Þjóðfélag, sem setur frelsi einstaklingsins í öndvegi og verndar hann fyrir hvers konar kúgun og ofríki, gerir alla þegna jafna fyrir lögum og tryggir félagslegt réttlæti. 2) Þjóðfélag, sem hefur skipulega heildarstjórn á efnahagskerfinu til þess að tryggja almenna velmegun, næga atvinnu, réttláta tekjuskiptingu og sanngjarna niðurrjöfnun skatta, örvar framtak einstaklinga, félaga og opinberra aðilja, en lætur eign og stjórn atvinnutækja lúta hagsmunum þjóðarheildarinnar. 3) Þjóðfélag, sem veitir öllum þegnum sínum öryggi frá vöggju til grafar, verndar lítilmagnann, tryggir afkomu sjúkra, örkumla og gamalla. 4) Þjóðfélag, sem veitir öllum jafnan rétt til hvers konar menntunar á tillits til búsetu eða efnahags, örvar menningarstarf og eflir listir og vísindi. 5) Þjóðfélag, sem er aðili að alþjóðlegu samstarfi þjóða til varðveislu friðar og frelsis.“

Ótalin er Flokkur þjóðernissinna, nasistar, sem þó aldrei bauð fram til Alþingis. Í Heimdall skrifar árið 1933 Þorsteinn Bernharðsson: (1915-2007?) „Nú vill svo til, að flestir sem ennþá fylla flokk þjóðernissinna eru gamlir sjálfstæðismenn. Það eru áhugasamir ungir menn, sem hefir fundist of mikil deyfð í flokki sínum, til þess að þeir gætu starfað þar, og heldur kosið að stofna nýjan flokk á svipuðum grundvelli.“

Hugmyndafræðilegar uppsprettur þjóðernissinna voru verk Jóns Aðils Jónssonar (1869-1920), sagnfræðings, rit Guðmundar Finnbogasonar (1873-1944), sálfræðings, og rit dansk/þýska leiðtoga danskra nasista, sem var þýskmenntaður læknir, Frits Clausen (1893-1947) að nafni. Flokkurinn leið undir lok og félagar hans hurfu trúlega flestir á vit Sjálfstæðisflokksins.

„Fjórflokkurinn [þ.e. Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag (og forverar þess – Sósíalístaflokkurinn og Kommúnístaflokkurinn)] ríkti um langt skeið á síðustu öld: [þeirri tuttugustu] „Fjögurra flokka kerfið, sem mótast hafði á umbrotatímabilinu 1942 og festist í sessi í kosningunum 1946 og 49, hélst í allföstum skorðum fram undir 1970“ (Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20 öld.)

Lýsing Lúðvíks Jósefssonar (1914-1994) á stöðu stjórn mála á hernámsárunum, er áhugaverð: „[V]oru íslensk stjórn mála í sérkennilegri millistöðu. Gömlu og stóru stjórn mála flokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, höfðu lent í hatrömmum deildum og gátu ekki komið sér saman un neitt. Alþýðuflokkurinn var veikur flokkur eftir margvísleg mistök og óeiningu. Sósíalístaflokkurinn var nýr á Alþingi, orðinn býsna stór og naut augljóslega mikils fylgis í hinni sterku verkalýðshreyfingu. Í landinu ríkti hernám og mikil upplausn á mörgum sviðum. Alþingi reyndist ófært um að mynda þingræðislega ríkisstjórn og því var skipuð sérstök utanþingsstjórn.“

Sjálfstæðisflokkurinn átti í basli: “Áttundi og níundi áratugur [síðustu aldar] hefur verið erfiður Sjálfstæðisflokknum í samanburði við dýrðardagana, þegar Ólafur Thors (1934-1961) og Bjarni Benediktsson (1961-1970) veittu flokknum sterka forystu.” (Ólafur Th. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson – Þýðing undirritaðs.)

Ellert B. Schram var einn þeirra, sem gagnrýndu Sjálfstæðisflokkinn: “Ellert segir ... um gömlu flokkana: “Þeir ríghalda í gamla, pólitíska löggjöf, sem þeir hafa tekið í arf mann fram af manni, svo langt sem elstu menn muna. Þannig passa þeir upp á gamla og úrelta byggðastefnu og kosningalöggjöf. Halda upp gömlu og rándýru kerfi með niðurgreiðslum, bæði í landbúnaði og öðrum atvinnugreinum. Halda í hitt og halda í þetta. Passa upp á kerfið og um leið á sjálfa sig.”” (Ásgeir Hannes Eiríksson.)

Þegar í lok sjöunda áratugar síðustu aldar, þegar Viðreisnarstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks var að renna skeið sitt á enda, hafði Sjálfstæðisflokkurinn átt aðild að stjórnnum í 33 ár síðustu hálfu öldina. En svo fór ásýndin að breytast, þótt kjarninn væri sá sami:

„Í kosningum árið 1987 verða straumhvörf. Samtök frjálslyndra og vinstri manna var stofnað 1969 og fékk 8,9% atkvæða í kosningunum 1971. Samtök um kvennalista hlutu eftirfarandi fylgi: 1983 5,5% og 1987 10,1%; Bandalag jafnaðarmanna naut árið 1983 7,3% fylgis og Borgaraflokkur árið 1987 10,9%. Þannig var fylgi fjórflokkanna í sögulegu lágmarki 1987. Þeir náðu aðeins $\frac{3}{4}$ atkvæða í kosningum. ...

Í kosningunum árið 1987 var fjórflokknum verulega ógnað m.a. með nýjum framboðum, t.d. borgaraflokki Alberts Sigurðar Guðmundssonar (1923-1994). Virtist sem fylgi hans væri fremur en áður sótt til efri laga eða yfirstétta (upper class) samfélagsins.“ (Ólafur Th. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson)

Enn klofna flokkar og sameinast, ekki síður vegna persónulegs ágreinings en málefnalegs, sbr. Borgaraflokkinn, Frjálslynda flokkinn, Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Vinstri-græn. Síðustu dæmin eru Viðreisn og Miðflokkurinn. Sósíalistaflokkurinn rís nú upp frá dauðum. Flokkur fólksins boðar svipaða stefnu. Gamli Alþýðuflokkurinn og Alþýðubandalagið endurnýjuðu ástir sínar í Samfylkingunni.

Kvennaframboðið, sprottið úr jarðvegi Alþýðubandlags að mestu, gaf upp öndina, en kvenfrelsun lifir góðu lífi í öllum flokkum, meira að segja Sjóræningjaflokknum (Pírötum), sem beita sér m.a. fyrir bleikum sköttum og fóstureyðingum. Þeir segjast nú ætla að venda sínu kvæði í kross í samræmi við kosningaloforðin: „Ekkert kjaftæði“ og greiða okkur laun fyrir að vera til.

Í raun er varla eðlismunur á stefnu flokkana, einungis tilbrigði við sömu stefnin. Andi fjórflokksins lifir enn í verkum hans og „holdgervæðist“ í síðustu ríkisstjórn. Herópið, „öreigar allra landa sameinist,“ heyrir ekki lengur. „Kvenfrelsarar allra flokka sameinist,“ á betur við eins og starf Alþingis ber vitni um.

Við búum sem sé í jafnaðarmennskusamfélagi, sem fjórflokkurinn lagði grunninn að með ofurforsjá og -afskiptum hins opinbera, löggjafa og stjórnsýslu, ásamt óhjákvæmilegum fylgifyrkunum, ofurskattlagningu og -gjaldheimtu.

En nú siglum við hraðbyri í átt að kvenræðissamfélagi, Grýluveldinu. Það skiptir í sjálfu sér engu máli, hvort skipsstýran heitir Bjarni eða Katrín eða Sigurður Ingi. Hvað skal kjósa?

Sighvatur Kristinn Björgvinsson (f. 1942) leiðbeinir okkur í þessari grein. Hann velkist ekki í vafa:

<https://kjarninn.is/skodun/atkvaedi-greitt-vg-atkvaedi-greitt-sjalfstaedisflokknum/>